

Auglýsing um friðlýsingu Krossanesborga á Akureyri sem fólkvangs.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, náttúruverndarnefndar Akureyrar og Umhverfisstofnunar að friðlýsa hluta Krossanesborga sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsingunni er auk þess verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Mörk svæðisins eru: að vestan: Norðurlandsvegur (þjóðvegur nr. 1), að norðan: sveitarfélagsmörk Akureyrarbæjar og Hörgárbyggðar (Lónið), að austan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018, og að sunnan: væntanleg gata, sbr. aðalskipulag Akureyrar 1998-2018.

Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 10. apríl 2003 og eru hnitin eftirfarandi (ISN93):

Punktur	Hnit		Punktur	Hnit	
	norður	austur		norður	austur
P1	580309.683	539450.209	P2	580050.736	539536.525
P3	579896.328	539656.407	P4	579812.170	539785.401
P5	579611.726	539935.973	P6	579052.594	539987.763
P7	578940.624	539818.488	P8	578773.268	539711.553
P9	578684.075	539636.267	P10	578592.485	539571.530
P11	578349.363	539430.548	P12	578469.245	539208.526
P13	578650.028	538996.573			

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

- Almenningi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí ár hvert, er umferð fólks þó takmörkuð á því svæði fólkvangsins sem sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti.
- Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar.
- Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
- Bæjarstjórn Akureyrar getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna vargs, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
- Lausaganga hunda er óheimil innan fólkvangsins.
- Umferð hesta er óheimil innan fólkvangsins.
- Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan fólkvangsins, nema vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins.
- Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvangnum.

9. Bæjarstjórn Akureyrar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Náttúruverndarnefnd Akureyrar hefur umsjón og eftirlit með fólkvangnum í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Akureyrar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Friðlýsingin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisstofnunin, 27. janúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.